

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 30. mars 2001 staðfest samning, dags. 28. febrúar 2001, sem undirritaður er af fulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Úlfarsfell.

Samkvæmt samningnum breytast mörk sveitarfélaganna þannig að suðurhlíðar Úlfarsfells verða framvegis innan marka Reykjavíkurborgar. Er breyting staðarmarkanna sýnd með hnitum í hnitaskrá Reykjavíkurkerfis frá 1951 á uppdrætti, sem telst hluti samningsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. mars 2001.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

Nr. 315

4. apríl 2001

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 482, 3. júlí 2000, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

III. TENGIGJÖLD

2. Dreifbýli.

2.8 Þrífösun háspennulagnar orðist svo:

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt tilboði RARIK allt að 527.000 kr. Fyrir kostnað umfram 527.000 kr. vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.

Iðnaðarráðuneytinu, 4. apríl 2001.

F. h. r.
Porgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.